

Skólanámskrá

2023 – 2024



II. hluti

Nám og kennsla

10. bekkur

Umsjónarkennarar:
Fannar Sigurpálsson
Matthildur Bergþórsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Samþætting námsgreina - Akurinn.....	3
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	3
Námsmat	4
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Náttúrufræði	9
Enska.....	10
Danska	11
Skólaíþróttir	12
Upplýsinga og tæknimennt	13

Bakgrunnsupplýsingar

Í 10. bekk eru 37 nemendur, 20 drengir og 17 stúlkur. Alls fá nemendur 37 kennslustundir á viku í kjarnagreinum og velja síðan a.m.k. 6 stundir í valgreinum. Umsjónarkennarar eru Fannar Sigurpálsson og Matthildur Bergþórsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Ósk Benediktsdóttir. Jenný Halldórsdóttir og Sandra Júlíana Karlsdóttir sjá um sérkennslu.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Freyr Brynjarsson og Hjördís Ólafsdóttir
- Sund – Freyr Brynjarsson og Hjördís Ólafsdóttir
- Stærðfræði – Matthildur Bergþórsdóttir og Haraldur Haraldsson
- Íslenska – Sigríður H. Ragnarsdóttir og Erla Guðrún Grétarsdóttir
- Enska – Fannar Sigurpálsson
- Danska – Íris Pétursdóttir
- Náttúrufræði – Haraldur Haraldsson og Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir
- Samfélagsfræði – Brynja Ýr Júlíusdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	120 mínútur
Stærðfræði	180 mínútur
Samfélagsfræði	60 mínútur
Náttúrufræði	60 mínútur
Enska	100 mínútur
Danska	60 mínútur
Umsjón	40 mínútur
Akurinn	480 mínútur
Íþróttir	80 mínútur
Sund	40 mínútur
Val	240 mínútur

Samtals: 1460 mínútur á viku

Sambætting námsgreina - Akurinn

Í Akurinum eru íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði, enska, danska og upplýsingatækni sambætt. Hluti kennslustunda í fögunum eru fléttuð saman í kennslu og verkefnavinnu. Leitast er við að auka færni nemenda í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnufærni, nýtingu upplýsinga og ábyrgð á eigin námi. Farið er yfir námsefnið í sérstökum lotum sem kallast Akurar. Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem byggja á leitaráðferðum: verkefnafræðing námi (e. project-based learning), þemanám (e. thematic teaching) og þrautarlausnarnámi (e. problem-based learning). Námsmat er skráð jafnt og þétt á Mentor og námsmat verður í anda leiðsagnarmats.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 10. bekkjar eru fjölskyldur – jafnrétti og

virðing, umburðarlyndi og virðing, mannréttindi, skuldbinding og foreldrahlutverk, langtímasamband og hjónabönd, ábyrgða hlutverk foreldra, barnagiftingar, kynferði, menning, samfélög og hlutverk.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- **Í vinnslu** ef nemandi hefur hafið ákveðið hæfniviðmið en ekki er hægt að meta það strax.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiði til þess að ná því.
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.



Við lok 10. bekkjar eru allar námsgreinar metnar og nemandi fær útprentaðan vitnisburð með bókstaf í hverri námsgrein út frá matsviðmiðum sem lýsir hæfni nemandans.

A	Mikill meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá og örfá hæfni náð, græn.
B+	Meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá, nokkur hæfni náð, græn og mjög fá á góðri leið, fjólublá.
B	Meirihluti hæfniviðmiða hæfni náð, græn, rými fyrir framúrskarandi, blá og á góðri leið, fjólublá, jafnvel eitt og eitt þarfnast þjálfunar, gult.
C+	Hæfni á góðri leið, fjólublá er ríkjandi. Merkingar fjölbreyttar hjá nemandanum (grænt og blátt sést) og þarfnast þjálfunar, gult sést oft.
C	Meirihluti hæfniviðmiða á góðri leið, fjólublátt. Fá eða engin hæfni græn eða blá og þarfnast þjálfunar sést einnig víða.
D	Meirihluti hæfniviðmiða rauð, hæfni ekki náð. Mjög fáir nemendur eru hér. Alltaf þarf að skrifa skýringu með þessum bókstaf.

Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.	Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.	Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállyskna.	Notað flegv orð, algeng orðtök, málishætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki sist bókmennta, í þessu skyni.
Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi.	Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.	Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenski málfraði við nám í erlendum tungumálum.	Beitt helstu málfraðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Flutt mál sitt skýrt og áhryrlega og hefur tileinkað sér víðeigandi talhæða og fas.	Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteis.	Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.	Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.	Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.	Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið víðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.	Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfraðilegar upplýsingar sem þar er að finna.
Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.	Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökraðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.	Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.	Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fær rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.
Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útlarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.	Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.	Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.
Beitt reglum um réttiritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.	Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.	Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
	Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.	Leitað og aflagð sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum og lagt mat á trúverðuleika og gildi ritaðs máls, svo sem fjölmiðla og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.	

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 8.-10. bekk í fjóra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfraði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

- *Logar* (texta- og verkefnabók í íslensku)
- „*Mér er í mun...*“ *Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla*
- *Gísla saga Súrssonar* (Íslendingasaga, skólabókarútgáfa) og *Ég man þig* (skáldsaga eftir Yrsu Sigurðardóttur)
- *Gullvör* – Kennslubók í málfraði fyrir unglingastig eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson, Málið í mark og önnur smáforrit og verkefni á veraldarvefnum.
- Ítarefni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og vinna nemendur ýmis einstaklings- og hópverkefni þar sem þeir fá tækifæri til að ná hæfniviðmiðum árgangansins. Nemendur taka reglulega próf í málfræði og stafsetningu og skila a.m.k. einni stórrí heimildaritgerð og bókmenntaverkefni. Heimavinna er sett fyrir eftir þörfum en heimalestur fimm sinnum í viku er skylda. Hver og einn nemandi ber ábyrgð á sínu námi með hvatningu kennara og foreldra eða forráðamanna. Leshraði er kannaður í september, janúar og maí og notast er við eftirfarandi lesfímiviðmið.

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
10.bekkur	145 orð á mínútu	180 orð á mínútu	210 orð á mínútu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 8.-10. bekk í sjö þætti; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og

mælingar sem og tölfræði og líkindi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

- Skali 3A og 3B
- Átta-tíu
- Almenn Stærðfræði
- Ýmis efni frá kennara
- Kennslumyndbönd af YouTube.com

Námsmat

Símat allt árið þar sem nemendur vinna að verkefnum, bæði einstaklings- og hópaverkefni. Lögð verður áhersla á fjölbreytt verkefni.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.	Greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.	Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.	Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér að málefnum sem varða almannaheill.
Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsmálum.	Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.	Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur.	Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum.

Hæfniviðmiði úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.	Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu starfi og samræðu.	Fengist við samfélagsleg og siðferðisleg málefni af mismunandi sjónarhólum.	Sinnt velferð og haf samferða-fólks síns.
Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.	Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.	Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægjar.	Sýnt sjálfsga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
Sýnt fram á eðli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.	Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.	Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunnri þeirrar sjálfsþekkingar.	Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu jafnvægi, jöfnuði og helgi mannlífs lífs.	Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnfars.	Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.	Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífs og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
Vegjið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttisynan hátt.	Ígrundað vixhverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímann ráð, í sambengi nærsamfélags og hnattvæðingar.	Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.	Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra.
Bent á, fyrirbyggð og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysgildrum í umhverfinu og náttúrunni.	Sýnt styrk til að vera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.	Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.	Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
Sér hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og atvikum.	Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórn málum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.	Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda skv. alþjóðasáttmálum.	

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í samfélagsgreinum fyrir 8.-10. bekk í þrjá þætti; Reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Í 10. bekk er tekin fyrir þjóðfélagsfræði þar sem nemendur læra um þjóðfélög og hvernig þau virka í heild sinni. Tekin verða fyrir mikilvæg málefni á borð við þróun samfélaga, stjórn mál og kosningar, heilbriggt kynlíf, samskipti og virðing.

Kennslufni og gögn

- *Á ferð um samfélagið*
- *Frelsi og velferð*
- Ítarefni frá kennara

Námsmat

Símat allt árið þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum einstaklings- og hópaverkefnum. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Náttúrufræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag.	Sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum.	Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.	Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.
Greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagð þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur.	Dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.	Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.	Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varða búsetu mannsins á jörðinni.
Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegsevðingu og orkuframleiðslu.	Gert grein fyrir stöðu jarðar í himingimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.	Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó.	Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillifun og bruna og gildi þeirra.
Skýrt tengsl mannföldabrunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum.	Nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.	Tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.	Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif.		Útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.	Skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samskipt manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.	Meið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.	Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.	Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.	Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.	Útskýrt árstíðabundið veðurlag og loftslagsbreytingar, ástæður og afleiðingar.	Rætt um notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum.
Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslikamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi.	Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.	Útskýrt hugmyndir um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika.	Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.
Útskýrt þarfir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.	Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi.	Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrgreinum unglingsstigsins.	Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.
Greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni.	Útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra.	Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því.	Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið.
Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran	Útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum.	Fjallað á gagnrýninn hátt um aukefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla.	Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.	Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna.	Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.	

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum fyrir 8.-10. bekk í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Stuðst er við námsbækurnar Maður og náttúra, Efnisheimurinn og Eðlisfræði 3 ásamt efni af veraldarvefnum og frá kennara. Áhersla er lögð á ljóstillifun, bruna, vistfræði, erfðir, þróun, orkuöflun mannkyns og efnafræði.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka kannanir og leysa fjölbreytt einstaklings-, para- eða hópaverkefni.

Enska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.	Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.	Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.	Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.
Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.	Lesið sér til gagns, ánægju og broska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.	Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.	Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.	Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.	Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum sagt frá og unnið úr.	Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.	Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.	Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.	Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.	Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.

Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málna að leggja.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok grunnskóla eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 3. stigi. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Kennsluefni og gög

- Verkefni frá kennara byggð á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár
- Spotlight 10 (málfræði og ítarefni)
- Wonder eftir R. J. Palacio og kjörbók (frjálst val út frá getu og áhugasviði)
- Ýmis myndbönd, tónlist og fréttæfni tengd efni kennslunnar.

Námsmat


Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar.

Danska


Unnið verður markvisst að því að efla og meta þá hæfni sem Aðalnámskrá leggur til að nemendur tileinki sér. Lögð verða fyrir verkefni sem nemendur leysa, einstaklings-, hóp- og paraverkefni sem miða að því veita nemendum alhliða hæfni í dönsku. Nemendur munu skrifa stutt ritunarverkefni sem nýta mætti í hlutverkaleikjum þar sem talmál og sköpunargleði fá að njóta sín sem og æfa í leiðinni danskan framburð. Hlustun verður tekin fyrir bæði í formi upplestrar, kvikmyndaáhorfi og hljóðspilunar. Einnig verða framburðaræfingar æfðar jafnt og þétt í gegnum veturinn í formi þess að hlusta á hljóðbækur og æfingar í Smil, hlustunaræfingar, ýmsa myndbandsþætti og dönsk dægurlög ásamt upplestri á texta úr námsbókunum.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 eru hæfniviðmið fyrir erlend tungumál sett upp í þremur stigum, 1. stig, 2. stig og 3. stig. Við lok grunnskóla eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni sem samsvarar 3. stigi. En þar sem nemendur byrja seinna í dönsku en öðrum erlendum tungumálum og, er úthlutað færri tímum í stundatöflu, þá er raunhæfara að miða við 2. stig við lok grunnskóla. Hæfniviðmiðin skiptast í sjö þætti; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Kennt er út frá ofangreindum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Áhersla er lögð á lesskilning, hlustun, talað mál og framburð. Unnin verða einstaklings-, para- og hópverkefni út frá hæfniviðmiðunum.

Kennslufni og gögn

Smil, les- og vinnubók, bókin Bordbombe, ásamt hlustunaræfingum og málfræðiæfingum. Dönsku unglingaþættirnir Over Grænsen á DR1, ýmsir aðrir danskir þættir og kvikmyndir ásamt efni af veraldarvefnum og frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum.

Skólaípróttir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert æfingar sem reyna á lofháð og loftfirtt þol.	Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.	Sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu.	Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.
Sýnt og framkvæmt styrktar æfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.	Tekið þátt í hópiþróttum, einstaklingsþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.	Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.	Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfifetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti.	Sýnt leikni og sýnt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.	Sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákna korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.	Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt.
Sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu.	Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla lífsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.	Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda.	Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalmyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.			Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.

Sett sér skammtíma- og langtímaþáttir í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.

Í Aðalnámskrá frá árinu 2013 eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimis- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.	Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.	Unnið á skapandi og gagnrýnn hátt, sjálfstætt og með öðrum.	Beitt rétttri fingrasetningu.
Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmiðar.	Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.	Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.	Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.	Beitt gagnrýnni hugsun við að veða og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.	Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.	Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.	Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.	Unnið með heimildir, virt síðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.	Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. itarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.		Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin síðferðislega ábyrgð.	

Kennslufni og námsmat

Í aðalnámskrá frá árinu 2013 kemur fram að upplýsinga- og tæknimennt sé þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Þar kemur einnig fram að til þess að nemendur öðlist hæfni í upplýsinga- og miðlalæsi er mikilvægt að þeir eigi möguleika á þverfaglegri samvinnu kennara á milli námsgreina. Á unglíngastigi er upplýsinga- og tæknimennt kennd og metin samhliða öðrum námsgreinum. Hæfniviðmið greinarinnar eru tengd við verkefni þar sem unnið er með upplýsingaöflun og úrvinnslu.